



Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	MYL 203 Módelteikning Kennsluáætlun haust 2013	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari: Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is

Viðtalstími: Miðvikudaga 11:20-12:00

Áfangalýsing

Alhliða þjálfun í teiknifærni dýpkuð. Sjónskilningur og sjónminni þjálfað og hæfileikinn til að umbreyta þrívíðu formi í tvívíða teikningu. Nemendur æfa sig í að skynja jafnvægi og átök, spennu og hlutföll og skilningur á stærðfræði mannlíkamans og fagurfræði hans dýpkaður. Nemendur rannsaka og teikna beina- og vöðvabyggingu mannlíkamans og mótun forma hans og beita einnig frjálsri teikningu í túlkun á fyrirmynd. Nemendur ígrunda verk sín. Teiknað og mótað er eftir lifandi fyrirmynd, beinagrind og tvívíðum myndum, með ýmiskonar tækni.



Markmið

Að nemandinn með þjálfun

- dýpki skilning sinn á margbreytileika þeirra forma, hlutfalla og spennu sem mannlíkaminn býr yfir.
- dýpki skilning sinn á burðargetu og styrk beina- og vöðvabyggingar mannlíkamans.
- dýpki skilning sinn á þeim samhljómi sem er á milli módelteikningar og beina og vöðvabyggingar mannlíkamans.
- dýpki skilning sinn á þeirri tengingu, sem er milli hverskonar hönnunar og uppbyggingar mannlíkamans.
- dýpki skilning sinn á listrænni vinnu, að upplifa, skynja og túlka það sem hann sér, upplifir.
- dýpki skilning sinn á verklegri færni við að teikna mannlíkamann.
- ígrundi vinnu sína og beiti gagnrýnni hugsun í teiknináminu.
- þjálfist í að byggja teikningu sína á rannsóknarvinnu.

Námsmat

Próflaus áfangi. Öll verkefni nemenda eru metin. Símat, kennaramat, sjálfsmat, ígrundun, leiðsagnarmat. Til grundvallar matinu:


Verkin sjálf eða afraksturinn 45% (afrakstur í tengslum við ætlan, notkun grunnreglna, vald á efnum og aðferðum).

Ferlið eða hvernig nemandi ber sig að við vinnuna 50% (opinn hugur, frumleiki, vinna úr upplýsingum, ígrundun, rannsókn, verkleg færni, virðisauki og ögrun).

Mæting 5%.

Verkefni


1. Rannsókarvinna, þar sem flókin form vöðva, beina og líkamans í heild eru rannsökuð ítarlega á lifandi fyrirmynd, beinagrind eða myndum af vöðvum og beinum með ýmiskonar teikniáhöldum eða leir.
2. Hraðteikningar, með mismunandi aðferðum og áhöldum þar sem lögð er áhersla á túlkun og tjáningu.
3. Vinna í skissubók heima og í skóla að hugðarefnum nemenda tengdum viðfangsefnum áfangans.
4. Verk ýmissa listamanna úr nútíð og fortíð skoðuð.



Með fyrirvara um breytingar.

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar.

Gangi ykkur vel!

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	MYL 203 Módelteikning Kennsluáætlun haust 2013	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils